



23. maí 2002

Aukið jafnvægi í efnahagsmálum

Að undanfögnu hafa komið fram afar skýrar vísbendingar um að íslenskt efnahagslíf sé óðum að færast til jafnvægis eftir hina gifurlegu uppsveiflu sem varð í lok síðasta áratugar með tilheyrandi viðskiptahalla og verðbólgu. Meginorsakir uppsveiflunnar voru miklar launahækkningar og einhver mesta kaupmáttaraukning sem hér hefur orðið á svo skömmum tíma. Auk þess leiddi aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði, sem m.a. fól í sér auknar heimildir til erlendra lántöku, til stórukins innflæðis erlends fjármagns sem rann til aukinnar neyslu heimilanna og mikillar fjárfestingar jafnt heimila sem fyrirtækja. Loks má halda því fram að miklar – og á köflum óraunhæfar – væntingar um styrk ýmissa nýrra fyrirtækja á vettvangi upplýsingatækni-, fjarskipta- og líftækniyfirtækja hafi átt hér nokkurn hlut að máli.

Með hliðsjón af öllu þessu þurfti því ekki að koma á óvart að viðskiptahalli skyldi aukast í kjölfarið enda er það reynsla annarra ríkja sem gengið hafa í gegnum svipuð tímabil. Uppsveiflan náði hámarki á árinu 2000 þegar viðskiptahallinn nam 10% af landsframleiðslu, eða um 80 milljörðum króna á núgildandi verðlagi. Þessu fylgdi vitaskuld aukin erlend skuldasöfnun þjóðarinnar.

Þótt viðskiptahalli sé í eðli sínu alltaf ávisun á erlenda skuldasöfnun þjóðarinnar og þar með óhjákvæmilega skuldadaga í framtíðinni er afar mikilvægt að átta sig á því hvers eðlis hann er, þ.e. hverjar eru helstu ástæður hans. Af þessu tilefni hefur stundum verið talað um góðkynjaðan og illkynjaðan viðskiptahalla.

Óhætt er að segja að hér séu jafnvel fræðimenn ekki á sama máli. Hér má sem dæmi nefna þær umræður sem hafa verið mjög fyrirferðarmiklar um áralangt skeið um eðli og hugsanlega skaðsemi viðskiptahalla Bandaríkjanna. Þar hefur skipt nokkuð í tvö horn. Annars vegar eru þeir sem halda því fram að viðskiptahalli af þeirri stærðargræðu sem þar um ræðir geti ekki gengið til lengdar. Þess vegna hljóti að koma að því að gengi bandaríkjadollars lækki til þess að koma á betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum Bandaríkjanna.

Hins vegar eru þeir sem halda því fram að sambandið milli viðskiptahalla og gengis bandaríkjadollars sé ekki einhlítt þar sem fjárfestar hafi einfaldlega svo mikið traust á bandaríkjadollar að ekki verði erfiðleikum háð að fjármagna viðskiptahallann, jafnvel þótt hann sé orðinn svona mikill, þ.e. um 4% af landsframleiðslu. Í þessum síðarnefnda hópi eru helstu talsmenn Bandaríkjastjórnar, sem m.a. telur marga af virtustu hagfræðingum Bandaríkjanna.

En hvað með viðskiptahallann hér á landi? Að sjálfsögðu gilda ekki sömu rök hér á landi hvað varðar áhuga erlendra fjárfesta á íslensku krónunni. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að viðskiptahallinn að undanfögnu hefur nær allfarið stafað af útgjöldum einkaaðila, þ.e. heimila og fyrirtækja. Auk þess hafa sveitarfélög verið rekin með nokkrum halla. Aftur á móti hefur ríkissjóður verið rekinn með afgangi undanfarin ár sem hefur vegið á móti skuldasöfnun einakaðila og þannig stuðlað að auknu jafnvægi í þjóðarþúskaðum. Að þessu leyti má halda því fram að viðskiptahallinn hér á landi hafi frekar verið góðkynja en illkynja.

Af þessu tilefni er fróðlegt að rifja upp þær miklu umræður sem urðu á síðasta ári um stöðu efnahagsmála, þ.á.m. um hvort gengið væri of hátt eða lágt skráð, um orsakir aukins viðskiptahalla og hvert stefndi yfirhöfuð í þessum efnunum.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins var því haldið fram, m.a. á þessum vettvangi, að aðlögun hagkerfisins að auknu jafnvægi væri þegar hafin á fyrri hluta ársins 2001, þ.e. að útgjaldaþensla hefði þá þegar náð hámarki. Í þessu

samhengi var bent á að skuldasöfnun bæði heimila og fyrirtækja væri komin á það stig að ekki væru forsendur fyrir frekari skuldasöfnun. Þess vegna væru líkur á að viðskiptahalli myndi minnka mjög hratt.

Óhætt er að fullyrða að þetta hafi gengið eftir og það jafnvel enn hraðar en gert var ráð fyrir í áætlunum fjármálaráðuneytisins. Í þessu samhengi má nefna að í spá Þjóðhagsstofnunar frá því í desember sl. var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 2002 gæti orðið um 40 milljarðar króna. Í endurskoðaðri spá stofnunarinnar í mars sl. var spáin komin niður í 15 milljarða króna og í nýjustu spá Seðlabankans fyrr í þessum mánuði er spáð um 3-4 milljarða halla og jafnvel að hallinn hverfi að fullu. Þessi þróun sýnir glöggst hversu mikil umskipti hafa orðið í utanríkisviðskiptum síðustu tólf mánuði.

Að mati fjármálaráðuneytisins má telja víst að innflutningur hefði minnkað verulega jafnvel þótt ekki hefði komið til jafnmikillar lækkunar gengisins og raun varð á.

Minnkandi samdráttur í efnahagslífinu?

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins 2002. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 2,9 milljarða króna samanborið við 0,2 milljarða á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöldur var neikvæður um 2,4 milljarða, samanborið við 1,9 milljarða króna á sama tíma í fyrra.

Þróun tekna ríkissjóðs er um marga athyglisverð og gefur vísbendingu um að samdrátturinn í efnahagslífinu sé í rénum. Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmlega 77 milljörðum króna og hækka um 5 milljarða frá fyrra ári, eða um tæplega 7%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka minna, eða um rúmlega 5%. Til samanburðar má nefna að almennar verðbreytingar námu rétt rúmlega 8% á þessu tímabili og því ljóst að áfram gæti nokkur samdráttur í efnahagslífinu. Hins vegar benda þessar tölur til þess að samdrátturinn sé að minnka. Til marks um þetta má nefna að tekjur af virðisaukaskatti fyrstu fjóra mánuði ársins hækka um 1½ milljarð króna frá sama tíma í fyrra, eða sem nemur tæplega 7½%. Það svarar til um ½% samdráttur að raungildi, samanborið við 8-9% samdrátt næstu mánuði á undan.

Þótt of snemmt sé að draga einhlítar ályktanir af þessum tölum gefa þær ákveðnar vísbendingar um minnkandi samdrátt í efnahagslífinu. Innheimta vörgjalds af bflum bendir til sömu niðurstöðu, þ.e. til minnkandi samdráttar. Á hinn bóginn gæti áfram nokkurrar aukningar í innheimtu tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalds sem endurspeglar minni launahækkningar.

Greidd gjöld nema 80,1 milljarði króna og hækka um rúma 7½ milljarð frá fyrra ári, eða 10,4%. Mestu munar um 3,1 milljarðs króna hækkan á greiðslum til heilbrigðismála. Þar af er 1½ milljarður vegna reksturs sjúkrahúsa, 600 m.kr. vegna hjúkrunarstofnana og aðrar 600 m.kr. vegna sjúkratrygginga. Þá hækka fræðslumál um 1,1 milljarð og almenn stjórnsýsla um 0,8 milljarða króna. Vaxtagreiðslur og greiðslur til atvinnumála standa í stað milli ára.

Gerð tvísköttunarsamnings við Suður-Kóreu

Fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Suður-Kóreu um gerð tvísköttunarsamnings á milli landanna var haldinn dagana 6.-8 maí 2002 í Reykjavík. Suður-Kórea er eitt af fáum OECD-ríkjum sem Ísland á eftir að gera tvísköttunarsamning við. Samningsgerð komst nokkuð vel á veg en stefnt er að því að ljúka samningsgerðinni næsta vor í Seoul, Suður Kóreu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	5,7	5,2
Tekjuskattar	17,0	8,1
Tryggingagjöld	8,9	10,1
Eignarskattar	14,9	-9,9
Veltuskattar	-2,4	3,9
Tekjur alls	6,3	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	4,1	21,0
Félagsmál	20,1	13,9
Atvinnumál	24,0	0,2
Vaxtagjöld	37,1	2,0
Önnur útgjöld	50,7	3,5
Gjöld alls	22,1	10,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-327	-2905
Hr. lánsfjárfjöldur	-1934	-2366
Afborganir lána	-21441	-16696
Br. lánsfjárfjöldur	-28374	-22062
Lántökur	29417	26343
Greiðsluafkoma	1042	4281

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga- maí 2001/02	5,5	5,9
Kjarnaverðb.- maí 2001/02	5,2	8,1
Launavísitala- apríl 2001/02	9,2	8,0
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7
Smás.velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi- apríl 2001/02	1,6	2,6